

# HÚSÖNDIN


58.tbl. 2.árg.  
10.apríl 2019

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com  
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:  
8492804

## AFMÆLISBÖRN DAGANA 11-24. APRÍL

- 13.4 Helgi Héðinsson, Halla Bergrín Davíðsdóttir  
14.4 Sigríður Jóhannesdóttir  
15.4 Baldvin Þór Jóhannesson, Bjartur Arnarsson  
17.4 Örn A Hauksson, Sæmundur H. Ásgeirsson Müller  
18.4 Susi Haugaard, Sigurbjörn Ásmundsson  
19.4 Stefán Jón Pétursson  
20.4 Gísli Rafn Jónsson  
21.4 Júlía Brá Stefánsdóttir  
22.4 Kristján Steingrímsson, Gunnhildur Stefánsdóttir,  
24.4 Friðrik L Jóhannesson, Jóhanna Jóhannesdóttir



Páskabingó Mývetnings verður haldið þriðjudagskvöldið 16. apríl  
kl.20 í Reykjahlíðarskóla.

Spjaldið kostar 500 kr og í hléi verða 3 spjöld á 1000 kr. Enginn posi á staðnum.

Nemendafélagið verður með sjoppuna opna.

Húsið opnar kl. 19:45.

Veglegir vinningar í boði.

Hlökkum til að sjá ykkur.

**Stjórn Mývetnings**



Mývetningur will throw it's annual Easter Bingo coming Tuesday 16. April  
at 20:00 in the school of Reykjahlíð.

The cards will cost 500 kr each and in the break you can get 3 for 1000 kr.

Cash only.

The students will be selling candy and drinks.

The house opens at 19:45.

Great prizes.

Looking forward to seeing you.

**The board of Mývetningur**





Karлакórinn Hreimur

# „NÚ ER ÉG GLAÐUR“

Vorfagnaður Karlakórsins Hreims  
verður í Ýdölum 27.apríl kl. 20:30.

Stjórnandi er Steinþór Þráinsson  
Undirleikari er Judit György  
Einsöngvari er Sigurður Á. Þórarinsson  
Veislustjóri er Æsa Hrólfsdóttir  
Gesturinn okkar verður Heilsutríóið

Miðaverð 5,000 kr.

Forsala aðgöngumiða í Hársnyrtistofunni Toppnum á  
Húsavík s.4642131  
og Dalakofanum á Laugum s.4643344

Veislucaffi,dans,gleði,glaumur !!

KARLAKÓRINN HREIMUR.

# Páskaeggjaleit fjölskyldunnar!



Íþróttamiðstöð Skútustaðahrepps heldur hina árlegu Páskaeggjaleit laugardaginn 20. apríl frá kl. 11:00 – kl. 12:00. Frábær skemmtun fyrir alla fjölskylduna þar sem leitað er að páskaeggjum sem hafa verið falin í nágrenninu. Í lokin er svo happdrætti fyrir alla skráða þátttakendur.

- Páskaeggjaleit - happdrætti
- Koma saman og hafa gaman
- Páskaegg falin í nágrenninu
- Skráning kl 10:30 - lagt af stað í páskaeggjaleit kl: 11:00

**Starfsfólk ÍMS.**

## Family Easter Hunt Fun!

Skútustaða Sports Center's yearly Easter Hunt will take place on Saturday 20 April at 11.00am. Great fun for everyone. Participants participate in an Easter Egg hunt, where a few eggs are hidden around the neighbourhood!! A draw will take place with the names of those who register.

- Easter egg hunt – Easter draw
- Come together and have some fun
- Eggs hidden nearby and around the neighbourhood
- Registration starts at 10.30 am – the hunt commences at 11:00

Registration takes place at ÍMS at 10.30 am

**Staff ÍMS**



## Dælubílar, rotpróahreinsun og stíflulosun



### Ágætu Mývetningar

Vorið er handan við hornið og Verkval er aftur á leið í sveitina. Við verðum með dælubíl í sveitinni þann 16. apríl og komum svo af fullum krafti í maí. Vinsamlegast pantið þjónustu tímanlega í síma 892-3762 eða 897-3258 Tölvupóstur [verkvalehf@simnet.is](mailto:verkvalehf@simnet.is)

Leikfélag Húsavíkur  
sýnir

# BARPAR



Höfundur  
**Jim Cartwright**

Leikstjóri  
**Vala Fannell**

### Síðustu sýningar

Miðapantanir:

[www.leikfelagid.is](http://www.leikfelagid.is)

[midi@leikfelagid.is](mailto:midi@leikfelagid.is)

eða í síma 464 1129

2 tíma fyrir sýningar.

Föstudag, 12. apríl kl. 20:00

Föstud. langa, 19. apríl kl. 20:00

Laugardag, 20. apríl kl. 20:00

Geymið miðann og  
njótið tilboða hjá:

- \* Fosshótel Húsavík
- \* Salka Restaurant
- \* Húsavík Öl

Fullt verð 3.000  
börn/afsl. 2.000

Félagsmenn Framsýnar, Þingiðnar og Starfsmannafélags Húsavíkur þurfa að framvísa afsláttarmiðum frá sínum félögum fyrir leiksýningu til að njóta afsláttar.



# Menningarverðlaun Skútustaðahrepps

Haustið 2018 lagði velferðar- og menningarmálanefnd fram reglur um að menningarverðlaun Skútustaðahrepps yrðu veitt árlega og að handhafi verðlaunanna hlyti styrk frá sveitarfélaginu samkvæmt fjárhagsáætlun hvers árs. Sveitarstjórn samþykkti ofangreitt á fundi í september 2018.

Velferðar- og menningarmálanefnd auglýsir því eftir tilnefningum og ábendingum vegna menningarverðlauna Skútustaðahrepps. Einstaklingar, hópar eða félagasamtök geta hlotið nafnbótina og tilnefningu skal gjarnan fylgja stutt greinargerð um viðkomandi. Þar skal fara yfir starf, viðburði og/eða þátt viðkomandi í að auðga menningar- og félagslíf í sveitarfélaginu og vera öðrum fyrirmynd. Rétt til að tilnefna hafa öll félög og íbúar í Skútustaðahreppi.

Reglur um menningarverðlaun má finna inni á heimasíðu Skútustaðahrepps (undir Stjórnsýsla > Reglugerðir, samþykktir og stefnur).

Tilnefningar skal senda á netfangið [skutustadahreppur@skutustadahreppur.is](mailto:skutustadahreppur@skutustadahreppur.is) fyrir 1. maí. Verðlaunin verða afhent á hátíðarhöldunum þann 17. júní.

## **Velferðar- og menningarmálanefnd**

-----

## Skútustaðahreppur's Cultural Prize

The Committee of welfare and cultural matters in Skútustaðahreppur municipality kindly asks for nominations for the annual cultural prize.

Individuals, groups or organizations in the area can be nominated. A short statement should follow the nomination on how the nominated, or his work, has enriched the cultural and social life and in what way the nominated, or his work, has proven as a role model for others in Mývatnssveit. Anyone living in Skútustaðahreppur can nominate.

Rules regarding the cultural prize can be found on Skútustaðahreppur's webpage (under Stjórnsýsla > Reglugerðir, samþykktir og stefnur). The rules are unfortunately only available in Icelandic, we apologize for the inconvenience. Nominations should be sent to [skutustadahreppur@skutustadahreppur.is](mailto:skutustadahreppur@skutustadahreppur.is) before May 1st. The prize will be awarded on June 17th, our Independence Day.

## **Velferðar- og menningarmálanefnd**

(Committee of welfare and cultural matters)

# Orlofsferð húsmæðra í Suður Þingeyjarsýslu 2019

Í ár er aftur stefnt að orlofsferð á slóðir hins fúla Martins læknis á Cornwall á Englandi, dagana 3. til 7. október.

Innifalið í verði er m.a. flug frá Keflavík til London, gisting í 4 nætur með morgunverði, rúta um svæðið og íslensk fararstjórn. Áætlað verð er 125.000 kr. á konu.

Skráning þarf að berast í síðasta lagi miðvikudaginn 17. apríl nk. Skráningin er bindandi.  
Forgang hafa þær konur sem lentu á biðlista í fyrra og þær sem aldrei hafa farið áður.

Fararstjóri verður Kristín Wallis og flogið verður með Icelandair.

## Skráning og upplýsingar hjá:

Torfhildi Sigurðardóttur Melhúsum, s. 8953356 og netfang: [tolla@storutjarnaskoli.is](mailto:tolla@storutjarnaskoli.is)

Sigrúnu Jónsdóttur Sólgarði, s. 8991010 og netfang: [solgardur@simnet.is](mailto:solgardur@simnet.is),

Stefanie Lohmann Höfða 2, s. 8686854 og netfang: [steffihofdi@gmail.com](mailto:steffihofdi@gmail.com)


## AÐALSAFNAÐARFUNDUR.

Aðalsafnaðarfundur Skútustaðasóknar  
verður haldinn í Skútustaðakirkju fimmtudaginn 25.apríl kl. 20.

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf  
Önnur mál.

Sóknarnefndin.



## Kótilettur – kótilettur – kótilettur!

Síðasta kótilettuhádegi vetrarins verður fimmtudaginn 11. apríl.

Þökkum kærlega fyrir samveruna í vetur,  
Kótilettukveðjur úr Jarðböðunum



## Aðalfundur Akstursípróttafélags Mývatnssveitar.

Aðalfundur Akstursípróttafélags Mývatnssveitar verður haldinn þann 16 apríl næstkomandi á efri hæð björgunarsveitarhússins klukkan 20:00.

Dagskrá fundar :

Venjuleg aðalfundarstörf

Önnur mál og umræður.

Að venju hefur Anton tekið að sér að sjá um veitingar fyrir fundinn.

Með von um að sjá sem flesta, kveðja stjórn AMS



## Músík í Mývatnssveit

Mývetningar, ferðafólk fjölmennum á tónlistarhátíðina Músík í Mývatnssveit um páska.

Kammertónleikar í Félagsheimilinu Skjólbrekku á skírdag 18. apríl kl. 20. Þar verður fluttur hinn bráðskemmtilegi píanókvintett eftir Dvorák ásamt söngljóðum og dúettum eftir Brahms, Schumann, Grieg, Mozart og íslensk tónskáld.

Í Reykjahlíðarkirkju föstudaginn langa 19. apríl kl. 20. Flutt verður Stabat Mater eftir Pergolesi og tónlist eftir Bach, Rossini og fleiri.

### **Flytjendur eru:**

Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað

sópran

Hildigunnur Einarsdóttir

mezzosópran

Laufey Sigurðardóttir

fiðla

Sigurlaug Eðvaldsdóttir

fiðla

Vivi Ericson

lágfiðla

Julia Mogensen

sello

Peter Matè

píanó og orgel

Miðasala við innganginn.

### **Músík í Mývatnssveit**

Kæru lesendur og viðskiptavinir

Í næstu viku verður Húsöndin í páskafríi og því kemur hún næst út miðvikudaginn 24.apríl. Skilafrestur auglýsinga er til kl.14 þriðjudaginn 23.apríl. Hafið það gott yfir páskana.

Kær kveðja, Arnþrúður







## Grunnskólakennarar

Lausar eru til umsóknar kennarastöður við Reykjahlíðarskóla í Mývatnssveit frá 1. ágúst 2019

Um er að ræða umsjónarkennslu á unglingastigi, stærðfræði, náttúrufræði, íþróttir, textílmennt og heimilisfræði.

### **Hæfniskröfur:**

- Kennsluréttindi á grunnskólastigi.
- Jákvæðni og sveigjanleiki í samskiptum.
- Góðir skipulagshæfileikar.
- Ábyrgð og stundvísi.
- Faglegur metnaður.
- Áhugi á að vinna með börnum og unglingum.

Í Reykjahlíðarskóla eru 43 nemendur í 1.-10. bekk og er samkennsla árganga. Í skólanum er góður starfsandi þar sem leitast er við að haga skólastarfinu í sem fyllstu samræmi við þarfir nemenda og stuðla að allhliða þroska hvers og eins. Skólinn er að innleiða Heilsueflandi grunnskóla, Jákvæðan aga og flaggar Grænfánanum fyrir umhverfisstefnu.

Í Mývatnssveit búa um 500 manns. Í metnaðarfullri mannauðsstefnu sveitarfélagsins kemur m.a. fram að boðið er upp á flutningsstyrk, heilsustyrk, launað frí fyrir barnshafandi konur síðasta mánuð meðgöngu, starfsaldurstengdar greiðslur o.fl. fyrir starfsfólk. Við erum fjölskylduvænt samfélag þar sem er öflugt leikskóla- og grunnskólastarf, boðið er upp á ókeypis skólamáltíðir fyrir börn og ókeypis frístund. Við erum heilsueflandi samfélag.

Upplýsingar um Reykjahlíðarskóla eru á:

<http://www.skutustadahreppur.is/skolinn>

Umsóknarfrestur er til 23. apríl 2019.

Frekari upplýsingar gefur Sólveig Jónsdóttir skólastjóri.

Tölvupóstur: [reykjahlidarskoli@reykjahlidarskoli](mailto:reykjahlidarskoli@reykjahlidarskoli)

# Guðsþjónustur og helgihald í Skútustaðaprestakalli á vordögum 2019

## **19.apríl Föstudagurinn langi**

08:45 Tíðarsöngvar sungnir í Reykjahlíðarkirkju við upphaf Píslargöngu. Passíusálmar Hallgríms Péturssonar lesnir í Skútustaðakirkju yfir daginn fyrir gesti og gangandi.

## **21.apríl Páskadagur**

Hátíðarguðsþjónusta sóknanna í Reykjahlíðarkirkju klukkan 14:00. Kórar Reykjahlíðarkirkju og Skútustaðakirkju sjá um söng. Fermingarbörn lesa ritningarlestra. Organisti og söngstjóri er Ilona Laido.

## **27.apríl (laugardagur)**

Fermingarguðsþjónusta með altarisöngu í Skútustaðakirkju klukkan 11:00. Kórar Reykjahlíðarkirkju og Skútustaðakirkju sjá um söng. Organisti og söngstjóri er Ilona Laido  
Fermd verða: Elín Rós Sigurðardóttir, Katla Böðvarsdóttir og Margrét Ósk Friðriksdóttir.

## **9.júní Hvítasunnudagur**

Hátíðarguðsþjónusta sóknanna á Hvítasunnu í Skútustaðakirkju klukkan 11:00 – Ferming með altarisöngu. Kórar Reykjahlíðarkirkju og Skútustaðakirkju sjá um söng. Organisti og söngstjóri er Jaan Alavere. Fermdir verða: Bárður Jón Gunnarsson og Kristján Örn Kristjánsson

Verið velkomin og gleðilega páska!  
Sr.Örnólfur

# Opið um páskana



Dyngjan, handverksshús, verður opið frá skírdegi 18.apríl til annars í páskum frá kl. 14 - 17.

Endilega komið og skoðið litlu búðina okkar eftir breytingar.  
Glæsilegt vöruúrval.

Heitt á könnunni. Hlökkum til að sjá ykkur um páskana.

Stjórnin.

Stjórn Veiðifélags Mývatns boðar til aðalfundar þriðjudaginn 16.04.2019 í Skjólbrekku og hefst hann kl. 20:00

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar vegna 2018
2. Reikningar vegna 2018
3. Fjárhagsáætlun
4. Nýtingaráætlun samkv. lögum nr 61/2006
5. Umræður um samþykktir félagsins og veiðireglur.

Lögð er til eftirfarandi breyting á 8.gr. Fundi í félaginu skal boða skriflega, með tölvupósti eða öðrum sannanlegum hætti eigi síðar en 10 dögum fyrir fundardag og kemur í stað Fundi í félaginu skal boða skriflega með dagskrá eigi síðar en 10 dögum fyrir fundardag. Skylt er að boða fundi í félaginu með ábyrgðarbréfi ef breyta á samþykktum félagsins eða ráðstafa veiði á félagsfundum.

6. Kosningar
7. Önnur mál

Stjórn Veiðifélags Mývatns

# Fræðslunámskeið fyrir aðstandendur 6-18 ára barna með ADHD

Námskeiðið er 10. klst. í heildina og verður haldið með þeim fyrirvara að lágmarkspátttaka náist.

Lögd er áhersla á að foreldrar öðlist góðan skilning á ADHD og fái einföld og hagnýt ráð við uppeldi barna með ADHD.

## Farið verður m.a. yfir:

- Félagssleg samskipti, sjálfsmynd og líðan barna með ADHD.
- Nám og hvernig ADHD getur haft áhrif á námsgetu.
- Barnalæknir fjallar um lyfjameðferð við ADHD

Fyrirlesarar eru allir sérfræðingar hver á sínu sviði.

Námskeiðið hentar foreldrum, forráðamönnum sem og öðrum fullorðnum nánnum aðstandendum.

Kostnaður: 22.000 kr.

Sækja má um endurgreiðslu námskeiðsgjalds hjá stéttarfélögum.

Skráning í síma 464-5100 eða á netfangið [hac@hac.is](mailto:hac@hac.is)

Staður: Framsýn Húsavík

Stund: 10. maí 2019 kl. 17:00 - 22:00 og 11. maí 2019 kl. 11:00—16:00.



Norðurlingur



Þekkingarnet  
Þingeyinga